

**Nr. 149 / 13 Una SU 3****Vélarvana og dregin í land**

Skipaskr.nr. 1890  
Smíðaður: Ísafirði 1988, stál  
Stærð: 9,3 brl. 14,49 bt.  
Mesta lengd: 12,83 m Skráð lengd: 11,09 m  
Breidd: 3,80 m Dýpt: 1,90 m  
Vél: Caterpillar 147 kW, 1988  
Fjöldi skipverja: 2



Una©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. september 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli*

**Atvikalýsing:**

Þann 5. október 2013 var Una SU 3 á siglingu um 17 sml SA af Þorlákshöfn. Veður í Þorlákshöfn: NA 10-13 m/s.

Verið var að sigla bátnum frá Djúpavogi til Grindavíkur. Þegar komið var í Meðallandsbugt tók veður að versna og veltingur jókst en þegar vestar dró fór veður batnandi og hreyfingar minnkuðu. Skipstjóri varð þá var við gangtruflanir sem að lokum urðu til þess að vélin stöðvaðist. Hann taldi að báturinn væri olíulaus þar sem engin olía kom að forsíum.

Hann óskað eftir aðstoð og dró Stormur SH 177 Unu til Þorlákshafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að við komu til hafnar var tekin olía en þar sem skipstjóra fannst lítið fara á olútanka þá losaði hann olíulögn frá síðutanki og reyndist hún vera alveg stífluð af ryði og drullu;
- að skipstjóri taldi að drullan hafi hrærst upp í tönkunum þegar báturinn fór að velta meira og olía minnkaði í þeim. En þegar hreyfingar bátsins minnkuðu settist drullan til og fór í meira magni í leiðslur en áður;
- að vélarúmið er í stafnrými og eru olútankar í síðum til hliðar við aðalvél;
- að þegar olía hafði verið fjarlægð úr báðum tönkunum voru þeir hreinsaðir enda mikil drulla, ryð og örverugróður í þeim;
- að skipstjóri taldi að báturinn hafi legið ónotaður í langan tíma.

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins var vanhirða á bátnum.